

Kennsluáætlun

Bekkur: 8. - 10. bekkur

Námsgrein: Danska

Kennari: Sigrún Birgisdóttir

Tímafjöldi: 2 klst. á viku

Námsgögn: Kennslubókin Smart og Tak ásamt öðru efni

Lykilhæfni: Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla: *Hlustun – lesskilningur – samskipti – frásögn – ritun - námshæfni.*

Grunnþættir: Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun.* Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti þó mismikið sé eftir árgöngum.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Hlustun	Nemandi geti: Skilið einfalt mál. Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni. Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar.	Hlustun er æfð með töluðu máli kennara í stofu. Einnig eru hlustunaræfingar úr námsbók, dönsk lög, kvikmyndir og þættir.	Á önninni eru lögð fyrir hlustunarpróf sem eru hluti af heildarmati.
Lesskilningur	Nemandi geti: Lesið og skilið stutta texta Fundið upplýsingar í einföldum texta.	Lesskilningur æfður upp úr textum úr námsbók, auk ýmissa texta frá kennara	Lesskilningspróf á önninni.
Samskipti	Nemandi geti: Spurt og svarað á einfaldan hátt Tekið þátt í samskiptaleikjum Unnið samtalsæfingar.	Kennari talar dönsku ýmist í gegnum leiki, eða aðrar munnlegar æfingar	Munnlegt próf

Frásögn	Nemandi geti: Flutt atriði eða kynningu sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.	Nemandi undirbýr og flytur æfða kynningu.	
Ritun	Nemandi geti: Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi, skrifað einföld skilaboð.	Hluti af heimanámi og vinna í tímum.	Ritunarverkefni sem unnin eru á önninni eru hluti heildarnámsmats.
Námshæfni	Nemandi geti: Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki. Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu, tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu.	Sjálfstæð, lýðræðisleg og skapandi vinnubrögð og hópavinna	Ástundareinkunn er hluti námsmats